

Alþingi
Erindi nr. P 139/922
komudagur 10.12.2010



Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. desember 2010

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar og málefni aldraðra (lengra bótatímabil o.fl.), 339. mál – þskj. 417.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar og málefni aldraðra (lengra bótatímabil o.fl.), 339. mál.

Líkt og kemur fram í athugasemdum við lagafrumvarpið situr fulltrúi BSRB í samstarfshópi á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins til að fara yfir framkvæmd laganna. Í því starfi hefur BSRB lagt mikla áherslu á að sparnaðaraðgerðir atvinnuleysistryggingakerfisins felist ekki í frekari skerðingu réttinda og hefur lagt til að hagræðingu verði náð fram með auknu eftirliti. Bandalagið tekur eindregið undir tillögu um að lengja réttindi einstaklinga til atvinnuleysisbóta, þ.e. úr þremur árum í fjögur.

BSRB hafnar alfarið tillögu þess efnis að réttindi til hlutabóta, skv. bráðabirgðaákvæði V í lögum um atvinnuleysistryggingar, verði þrengd enn frekar en þau nú þegar eru. Í tvisgang hafa verið samþykktar breytingar á ákvæðinu í þá veru að sett hafa verið skilyrði um 10% skert starfshlutfall annars vegar og hins vegar 20% skert starfshlutfall að lágmarki svo að einstaklingar hafi rétt til hlutabóta.

Bráðabirgðaákvæði V í lögum um atvinnuleysistryggingar tók gildi 21. nóvember 2008 en fyrrnefndar breytingar á ákvæðinu, með þrengri skilyrðum um skert starfshlutfall, tóku gildi 8. apríl 2009 og 1. janúar 2010. Við þessar breytingar á lögnum hefur BSRB orðið vart við að atvinnurekendur hagi seglum eftir vindi og breyti einfaldlega starfshlutfalli starfsmanna í takt við lagabreytingarnar svo starfsmenn hafi rétt til hlutabóta. Skerðing á starfshlutfalli starfsmanna er því að einhverju leyti hætt að taka mið af raunverulegri þörf atvinnurekenda til hagræðingar og felur einfaldlega í sér tilfærslu á launakostnaði til Atvinnuleysistryggingarsjóðs. Þá skapar breytingin einnig hættu á því að einhverjir missi einfaldlega störf sín.

BSRB telur að verði tillagan um þrengri heimildir til greiðslu hlutabóta skv. bráðabirgðaákvæði V samþykkt sé gengið gegn upphaflegum markmiðum frumvarpsins um að halda sem flestum í virkni, þ.e. hlutfallslega í starfi, í stað þess að missa starfið.

BSRB gerir ekki athugasemdir við tillögu um breytingu á lögum um málefni aldraðra.

Fyrir hönd BSRB

Handwritten signature of Helga Jónsdóttir in black ink.
Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri